



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	9. fundur stjórnar KLÍ 2021-2022
Staðsetning:	Salur A ÍSí/Netfundur
Hvenær:	6.janúar 2022 kl.19
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri Svavar Þór Einarsson (SPE) Varamaður Helga Hákonardóttir (HH) Varamaður Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Ritari Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	
Fundarritari:	GHK

Fundargerð

- Fundargerð samþykkt

Framkvæmda- og Íþróttastjóri

- Ýmislegt búið að ganga á og landsliðsverkefnum aflýst, búið að fá einhverjar endurgreiðslur.
- Búinn að vera í sambandi vegna styrkja og ekki hafa styrkir verið fullnýttir og eitthvað þarf að endurgeiða.
- Samskipti við Rapid sem sjá um greiðslukerfið fyrir Sportabler og getum nú fengið posa sem kostar 5000kr á mánuði eða nýtt símgreiðslur.
- Egilshöll búin að skipta salnum í 3 hólf og höfum við samkvæmt sóttvarnareglur megum við hafa 50 í einu hólf. Getum ekki haft aðgreiningu fyrir áhorfendur og þurfum við því að banna áhorfendur á viðburðum hjá okkur. Á RIG erum við með allan salinn og erum því ekki bundin við skiptingu Egilshallar.

Gjaldkeri

- Er að vinna í ársreikningum til að geta skilað þeim. Uppgötvuðust skuldir við félög sem búið er að endurvekja kröfurnar.

Stigalisti

- Hvaða leiðir þurfum við að fara til að laga þetta?
Hugmyndir ræddar og hvort stjórn eigi að taka þá ákvörðun um að breyta þessu núna eða bíða eftir að ný stjórn í haust taki keflið.
- Listinn er hugsaður til að horfa á hvernig einstaklingurinn er að standa sig.
- Miklar umræður spruttu og mikið spád og spekulerað í listunum og mismuninum á erlendu mótunum og íslensku mótunum.
- Tillaga gengur út á að halda skjal sem tekur fram á hvaða mót fólk fór og sett sætanúmer sem viðkomandi lenti í og það tekið til hliðsjónar með stigalista innlendra móta á vali keilara ársins. Engin mótmæli við tillögunni.

RIG

- Hvernig er staðan og hver eru næstu skref? RIG er ennþá á dagskrá. Fundur var haldinn í framkvæmdrarráði RIG fyrir stuttu. Mikil og góð skráning komin og enn beðið eftir staðfestingu frá

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

fleiri keilurum. Ekki hefur gengið nægilega vel að afla auglýsingatekna og þarf að reyna fá inn einhverjum auglýsingum til að fjármagna mótið.

- Hvernig skiptum við verkum á milli aðila? Allir þurfa að leggja hönd á plóg við að fá auglýsingar. Útsendingin er fimmtudaginn 3.feb kl.19.30
- Með streymi eru tveir kostir: Leigja búnað eða kaupa búnað. Hægt er að sækja um styrki. Engar tölvur inni pakkanum en JÁJ getur lánað tölvur til verksins. Samþykkt að kaupa búnað.

Lok tímabils

- Á að halda lokahóf eða standandi athöfn? Athugað verður hjá afrekshópum hvort þau hafi áhuga á að sjá um lokahóf.
- Þing: Þurfum að skoða hvernig skuli standa að því og hver er gestgjafi þingsins. ÞÓR stendur til boða að halda þingið, haft verður samband við þau. Ef þau neita er komið að ÍR að halda þingið. Dagsetning verður ákveðin síðar þar sem færa þarf til úrslitaleikina.

Afmælistím

- Einungis 2 í nefndinni og ekkert að fréttu.

Önnur mál

- Spáð í grafískri hönnun til að útbúa 30 ára logo. HH ætlar skoða málið. Finna einhvern með þeim í nefndnina svo eitthvað fari að rúlla.
- Standa þarf vaktina vegna áhorfendabanns svo óviðkomandi séu ekki að þvælast inn á svæðið.

Fundi slitið kl.20.22